

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 162/2003

2005/EES/27/10

frá 30. janúar 2003

um að leyfa aukefni í fódri (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 <sup>(2)</sup>, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í aaa-lið 2. gr. tilskipunar 70/524/EBE skulu leyfi fyrir því að setja hníslalyf í dreifingu tengd þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á því að setja þau í dreifingu. Heimilt er að veita slík leyfi fyrir tíu ára tímabil ef öll skilyrði, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í þeirri tilskipun, eru uppfyllt.
- 2) Mat á leyfisumsókn, sem lögð er fram að því er varðar hníslalyfjablönduna sem lýst er í viðaukanum við þessa reglugerð, sýnir að skilyrði 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt. Þar af leiðandi er óhætt að leyfa hníslalyfjablönduna og tilgreina hana í I. kafla skrárinnar yfir leyfð aukefni í fódri sem um getur í b-lið 9. gr. t í þeirri tilskipun.

- 3) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi og hagstæð áhrif hníslalyfjablöndunnar á búfjárframleiðslu samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa aukefnið, sem tilheyrir flokknum „hníslalyf og önnur lyf“ og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 26, 31.1.2003, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2003 frá 20. júní 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 51, 9.10.2003, bls. 7.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

VIÐAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	mg virks efnis/kg heilföðurs		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald		
<b>Hnislalyf og önnur lyf</b>									
E 771	Janssen Animal Health BVBA	Diklasúríl 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5% Premix)  Diklasúríl 0,2 g/100 g (Clinacox 0,2% Premix)	<p><b>Samsetning aukefnis:</b>            Diklasúríl: 0,5 g/100 g            Sojamjöl: 99,25 g/100 g            Fjölvidón K 30: 0,2 g/100 g            Natriumhýdroxíð: 0,0538 g/100 g</p> <p>Diklasúríl: 0,2 g/100 g            Sojamjöl: 39,7 g/100 g            Fjölvidón K 30: 0,08 g/100 g            Natriumhýdroxíð: 0,0215 g/100 g            Hveitiföðurmjöl: 60 g/100 g</p> <p><b>Virkt efni:</b>            Diklasúríl, C<sub>17</sub>H<sub>9</sub>Cl<sub>3</sub>N<sub>4</sub>O<sub>2</sub>            (±)4-klórfenýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahydró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl)fenýl]asetónítril            CAS-númer: 101831-37-2</p> <p><b>Skyld óhreinindi:</b>            niðurbrotsefni (R064318):            ≤ 0,2%            önnur skyld óhreinindi (RO66891, RO66896, RO68610, RO70156, RO68584, RO70016): ≤ 0,5% hvert um sig            Óhreinindi samtals: ≤ 1,5%</p>	Kjúklingar, aldir sem verðandi varphænur	16 vikur	1	1	—	20.1.2013